



Fundargerð hreppsnefndar 01. nóvember 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 1. nóv. 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Einar Björn Kristbergsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 18. okt. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 18. okt. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 29. okt. sl.
Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 29. okt. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál. Sundabúð, legudeild.
-Staða mála-

Lögð fram gögn, þar sem óskað er eftir því að endurskoðunarfyrtækið KPMG aðstoði Vopnafjarðarhrepp við að efnagreina kostnað vegna reksturs Sundabúðar, en mikið atriði er að vel takist til um samningagerð við Velferðarmálaráðuneytið um fyrirhugaða yrfirtöku Vopnafjarðarhrepps á rekstri Sundabúðar.

Jafnframt lagt fram bréf Velferðarráðuneytisins frá 29. okt. sl., þar sem tilkynnt er um það að ákveðið hefur verið að semja við Vopnafjarðarhrepp um yfirtöku á rekstri Sundabúðar, legudeildar. Í bréfinu kemur einnig fram að hætt hefur verið við uppsagnir starfsfólks deildarinnar. Slíkar uppsagnir höfðu verið boðaðar af hálfu HSA.

Oddviti gerði síðan grein fyrir þeirri vinnu sem væri í gangi og hvernig hugmyndin væri að standa að málum næstu daga. Ljóst er að nægjanlegar fjárveitingar þurfa að koma á fjárlög 2013 til rekstrarins.

Framundan eru því samningar við Velferðarráðuneytið um þessi mál.

Fundarmenn fögnuðu þessum áfanga, sem náðst hefur í þeirri þrautargöngu sem farin hefur verið í þessum málum á síðastliðnum tveimur árum.

Samþykkt samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að framgangi þessara mála og fá til liðs við sig þá sérfræðiráðgjöf sem til þarf.

4. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B-hluta.

-Fyrri umræða- Tillögur að álagningarreglum fasteignagjalda og útsvars.- Frekari gögn verða lögð fram á fundinum

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A-og B hluta fyrir árið 2013. Jafnframt lagðar fram tillögur að álagningu útsvara fyrir árið 2013 og tillaga að álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2013.

Með áætluninni fylgir rekstraryfirlit málaflokka, rekstrarreikningur, sjóðstreymi samsteypunnar og efnahagsreikningur.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum og lagði jafnframt fram greinagerð sína með fjárhagsáætluninni, þar sem greint er frá helstu forsendum fyrirliggjandi áætlunar bæði á tekju -og gjaldahlið. Fór hann síðan yfir helstu stærðir í fyrirliggjandi áætlun.

Í sjóðstreymi áætlunarinnar kemur meðal annars fram:

Að ráðgert er að allir sjóðir í A- og B- hluta verði samtals gerðir upp með 128,0 m. kr. hagnaði á árinu 2013. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 190,8 m. kr. Engar breytingar eru áætlaðar á skammtímalíðum. Handbært fé frá rekstri er því 190,8 m.kr., sem er sama fjárhæð og veltufé frá rekstri.

Hér er sett inn nettófjárhæð í fjárfestingar að upphæð 142,0 m.kr.

Eins og fram kemur í skuldahlíð áætlunarinnar voru skuldir sveitarfélagsins lækkaðar um tæplega 400 m.kr. um áramótin 2011/2012 og munar um minna. Af þessum sökum lækka greiðslur verðbóta og vaxta verulega frá því sem hefur verið á umliðnum árum. Þetta léttir stöðu sveitarfélagsins til mikilla muna inn í framtíðina og gerir sveitarfélaginu kleift að greiða skuldir og framkvæmdir af sjálfsaflafé út úr rekstri.

Afborganir lána árið 2013 eru áætlaðar 50,8 m.kr.

Eins og greint var frá hér að framan þá er hreint veltufé frá rekstri áætlað 190,8 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar 142,0 m.kr. og afborganir lána eru áætlaðar 50,8 m.kr. Handbært fé lækkar því um 2 m.kr.

Handbært fé í ársbyrjun er 185,7 m.kr. og verður því 183,7 m.kr. í árslok.

Engin ný lán eru tekin á árinu 2013.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir A- og B- hluta yrði vísað til síðari umræðu.

Ennfremur lagði hann til að fyrirliggjandi tillaga um hámarksálagningu útsvars 14,48 % af álagningarstofni yrði samþykkt.

Þá lagði hann til að afgreiðslu á tillögu um álagningu fasteignagjalda yrði frestað til næsta fundar.

Sveitarstjóri svaraði síðan fyrirspurnum fundarmanna.

Í framhaldi samþykkti hreppsnefnd síðan samhljóða með 7 atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps til síðari umræðu.

Fyrirliggjandi tillaga um hámarksútsvar árið 2013 var einnig samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum. Tillagan er svofelld:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að útsvarshlutfall árið 2013 verði eins og var á árinu 2012. Álagningarhlutfallið verður því 14,48% á árinu 2013, sem er hámarksálagning.“

Afgreiðslu um tillögu að álagningu fasteignagjalda var frestað til næsta fundar.

5. mál Bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá dags. 19. okt. sl., þar sem tilkynnt varðandi úthlutun byggðakvóta til Vopnafjarðarhrepps.

Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 19. okt. sl., þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Vopnafjarðar. Alls er úthlutað 300 þorskígildistonnum til Vopnafjarðar. Jafnframt lagðar fram reglugerðir sem um málin fjalla og umsókn Vopnafjarðarhrepps um byggðakvóta.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til yfirferðar og tillögugerðar í atvinnumálanefnd.

Fram kom fyrirspurn um gildandi reglur varðandi úthlutun byggðakvóta og eftirlit með meðferð úthlutaðs kvóta og var henni savarað.

6. mál. Ferðamálaklasi Vopnafjarðar, var áður til umfjöllunar á fundi hreppsnefndar 4. og 18. okt. sl.

Oddviti gerði grein fyrir málinu, en um það hefur verið fjallað á síðustu tveimur fundum hreppsnefndar.

Í máli hennar kom fram að hreppsnefnd lítur jákvætt á að ráðinn verði sérstakur starfsmaður til þess að vinna að samþættingu og samhæfingu ferðamála á Vopnafirði.

Fundarmenn voru almennt jákvæðir til þessarar hugmyndar og töldu mikilvægt að unnið yrði að því að skipuleggja grundvöll slíks starfs.

Samþykkt var samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við bréfitara um endanlega útfærslu starfsins, starfshlutfall, fjármögnun ofl.

7. mál. Erindi Afls starfsgreinafélags, varðandi ósk um starfsaðstöðu í Kaupvangi.

Lagt fram erindi Afls, starfsgreinafélags, þar sem félagið sækir um skrifstofuaðstöðu fyrir starfsmann sinn á Vopnafirði í Kaupvangi.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að framundan væru hugmyndir um að koma á framhaldsskóladeild á Vopnafirði og að hún yrði staðsett í Kaupvangi. Nokkur gerjun væri því í gangi um það hvernig húsið yrði best nýtt til framtíðar og hvernig mögulegt væri að hagræða málum í húsnæðinu og flytja starfsemi til.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Almennt voru fundarmenn jákvæðir gagnvart erindinu, enda þótt mismunandi skoðanir kæmu fram.

Mikilvægt væri að fara vel yfir málið og skoða hvernig málum yrði best fyrirkomið.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna að nánari útfærslu málsins.

Í framhaldi verði tekin endanleg ákvörðun um beiðni starfsgreinafélagsins. Miðað verði við að vinnu þessari verði flýtt sem kostur er.

8. mál. Drög að innkaupareglum fyrir Vopnafjarðarhrepp.

Lögð fram drög að innkaupareglum fyrir Vopnafjarðarhrepp. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi drögum að innkaupareglum og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Í umræðum fundarmanna kom fram ánægja með fyrirliggjandi drög að innkaupareglum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan að fela sveitarstjóra að ljúka endanlegum frágangi þeirra.

9. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Aðalfundur Héraðsskjalasafns, haldinn 2. nóv. nk. í Kaupvangi, Vopnafirði.

Samþykkt að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á fundinum verði Magnús Már Þorvaldsson

b) Fundargerð stórnar GÁF og hluthafafundur frá 16. okt. sl.

Lagt fram til kynningar

c) Minnisblöð verkefnisstjóra um almenningssamgöngur, móttakið 25. okt. sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitð kl. 17.15